Morgunblaðið

Yfirlit

BÆJARSTJÓRI HÆTTIR

Tilkynnt var í gær að Ásdís Halla Bragadóttir, bæjarstjóri Garðabæjar, hefði verið ráðin forstjóri BYKO. Hún tekur við starfinu 27. maí nk., en allt bendir til þess að Gunnar Einarsson taki við starfi bæjarstjóra.



Stjórn samþykkt í Írak

Þing Íraks samþykkti í gær ráðherralista Ibrahims al-Jaafaris, forsætisráðherra landsins, með miklum meirihluta atkvæða. Sextán sjítar eiga sæti í stjórninni, sex súnní-arabar og átta Kúrdar. Sex ráðherranna eru konur.

Hönnunarsamkeppni LSH

Heilbrigðisráðherra afhenti sjö hópum sem taka þátt í skipulagssamkeppni Landspítala – háskólasjúkrahúss samkeppnisgögnin í gær. Þar kemur fram að eingöngu verða einbýli á legudeildum og aukin áhersla verður á göngu- og dagdeildir.

Pútín ver vopnasöluna

Vladímír Pútín Rússlandsforseti reyndi í gær að fullvissa ísraelska ráðamenn um að Ísrael stafaði ekki hætta af fyrirhugaðri sölu á rússneskum flugskeytum til Sýrlands og af samstarfi Rússa við Írana í kjarnorkumálum. Hann samþykkti á fundi með Ariel Sharon, forsætisráðherra Ísraels, að auka samstarf landanna í baráttunni gegn hryðjuverkum og samvinnu á sviði hátækni.



Jón Arnór meistari

Jón Arnór Stefánsson, landsliðsmaður í körfuknattleik, varð í gær fyrsti Íslendingurinn sem fagnar sigri í Evrópukeppni í körfuknattleik, með liði sínu Dynamo St. Pétursborg, sem sigraði gegn BC Kiev frá Úkraínu í gær.

Í dag

Sigmund	8	Viðhorf	32
Fréttaskýring	8	Umræðan	34/38
Úr verinu	14	Bréf	38
Viðskipti	16	Minningar	39/42
Erlent	18/19	Myndasögur	46
Minn staður	20	Dagbók	46/49
Höfuðborgin	21	Víkverji	46
Landið	21	Staður og stund	48
Akureyri	22	Leikhús	50
Suðurnes	22	Af listum	54
Austurland	23	Bíó	54/57
Menning	27	Ljósvakamiðlar	58
Daglegt líf	28/33	Veður	59
Forystugrein	30	Staksteinar	59

* * *

Gengisskráning 28. apríl 2005

Heimild: Seðlabanki Íslands

	Kaup	Sala	Gengi
Dollari	63,52	63,82	63,67
Sterlingspund	120,88	121,46	121,17
Kanadadollari	50,67	50,97	50,82
Dönsk króna	11,006	11,07	11,038
Norsk króna	10,058	10,118	10,088
Sænsk króna	8,968	9,020	8,994
Svissn. franki	53,22	53,52	53,37
Japanskt jen	0,5997	0,6033	0,6015
SDR	96,02	96,60	96,31
Evra	81,97	82,43	82,20

Tollgengi miðast við kaup og sölugengi 28. hvers mánaðar – www.sedlabanki.is

Borgarráð mótmælir harðlega frumvarpi um skattskyldu orku- og hitaveitna

Líkur á að lögin leiði til hækkunar á orkuverði

Á FUNDI borgarráðs Reykjavíkur í gær var samþykkt samhljóða að ítreka andstöðu Reykjavíkurborgar við áform um skattlagningu orkufyrirtækja. Allar líkur séu á því að þessi fyrirhugaða skattlagning muni leiða til hækkunar á raforkuverði, heitu vatni og vatnsgjaldi í nánustu framtíð, en skipulagsbreytingar á raforkumarkaði hafi þegar leitt til hækkunar raforkuverðs. Borgarráð mótmælir því harðlega að ríkið fari fram með þessum hætti og krefst þess að viðræður fari fram milli ríkis og sveitarfélaganna áður en lagafrumvarp um skattlagningu orkufyrirtækja verður að lögum.

Alþingi er með til umfjöllunar stjórnarfrumvarp þar sem orku- og hitaveitur eru gerðar skattskyldar, en þau hafa verið undanþegin tekju- og eignaskatti til þessa. Er gert ráð fyrir að skattskyldan taki til ársins 2006 við álagningu árið 2007.

„Ótrúleg gjörð“

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarfulltrúi og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, gerir þetta að umtalsefni í grein í Morgunblaðinu í dag. Þar segir hann að færa megi rök fyrir því að raforkuframleiðsla sé skattlögð þar sem nýleg lög geri ráð fyrir að hún fari á samkeppnismarkað. Ekkert slíkt sé fyrirhugað um hitaveitur sem hafi einkaleyfi til starfsemi sinnar og enn síður um vatnsveitur sem að langmestu leyti séu lögskyld starfsemi sveitarfélaga.

„Það að flutt skuli stjórnarfrumvarp um að skattleggja skuli hitaveitur og vatnsveitur er ótrúleg gjörð. Ekki einu sinni tilskipun frá Evrópusambandinu krefst þess að það verði gert.

Ljóst er að ef frumvarp um skattlagningu orkufyrirtækja verður samþykkt mun það í næstu framtíð hafa verulega hækkun orkugjalda og vatnsgjalda í för með sér fyrir íbúa og atvinnulíf,“ segir Vilhjálmur m.a. í greininni.

Í greinargerð með frumvarpinu segir að erfitt sé að meta áhrif þessara breytinga á orkuverð og arðsemi orkufyrirtækja. Miklar sveiflur hafi verið í afkomu þeirra á síðustu árum. Þannig hafi fimm af sex stærstu fyrirtækjunum verið rekin með tapi árið 2001, en öll fyrirtækin nema eitt hafi verið rekin með hagnaði árið 1999.

Í annarri grein frumvarpsins er að finna skilgreiningu á því hvað skuli teljast orkufyrirtæki. Þar segir að í lögunum merki orkufyrirtæki fyrirtæki sem stundi vinnslu, dreifingu, flutning, sölu og afhendingu á raforku og heitu vatni.

Vilhjálmur segir í greininni að orkufyrirtækin hafi í raun sýnt litla andstöðu við þessar fyrirætlanir. „Stjórnendur þeirra vita sem er að þeim er í lófa lagið að hækka gjaldskrár sínar í kjölfar nýrrar skattlagningar og senda reikninginn til viðskiptavina sinna,“ segir hann.

■ Alþingi/34

Miklar reykskemmdir í íbúð

MIKLAR reykskemmdir urðu í eldsvoða í íbúð í þriggja hæða fjölbýlishúsi við Álfholt í Hafnarfirði í gær. Í húsinu eru sex íbúðir og var það rýmt þegar slökkvistarf hófst. Enginn var heima þegar að var komið en það var vegfarandi sem sá eldinn í gegnum glugga. Eldurinn stafaði frá pappa sem verið hafði á eldavél. Eldurinn kom upp skömmu fyrir klukkan 13 og var Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins kallað út til að slökkva. Slökkvistarfið tók skamma stund.

Seldu hlut sinn

Á FUNDI stjórnar Árvakurs hf., útgáfufélags Morgunblaðsins, í gær var samþykkt að félagið keypti hlutabréf Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra, Guðrúnar Bjarnadóttur og Önnu Bjarnadóttur í Árvakri.

Hlutur Björns Bjarnasonar var 1,07%, Guðrúnar 0,53% og Önnu 0,53%.



Morgunblaðið/Sverrir

Verk Dieters Roths komin í hús

MIKIL eftirvænting ríkti í Listasafni Reykjavíkur og Listasafni Íslands þegar fimm gámum var rennt upp að söfnunum snemma í gærmorgun. Umfang þeirra var slíkt að loka þurfti Laufásvegi tímabundið til að þeir kæmust að. Í gámunum eru um 300 listaverk eftir Dieter Roth sem fara upp á sýningu safnanna en þetta er í fyrsta sinn í sögu þeirra sem þau standa sameiginlega að einu sýningarverkefni, en auk þeirra verða verk Dieters Roth sýnd í Galleríi 100° í húsi Orkuveitunnar.


Sýning Dieters Roths er stærsta verkefni Listahátíðar í Reykjavík þetta árið en hátíðin er helguð alþjóðlegri samtímamyndlist undir yfirskriftinni Tími, rými, tilvera og dreifist um allt land.

Það var Björn Roth, sonur Dieters, sem tók á móti verkunum, sem komu frá Basel, Hamborg, Zürich, Amsterdam og Barcelona, en hann er jafnframt sýningarstjóri sýningarinnar.

Sýning Dieters Roths verður opnuð á fyrsta degi Listahátíðar, 14. maí, og stendur til 21. ágúst.

Andlát

HELGI BERGS



HELGI Bergs, fyrrverandi bankastjóri og alþingismaður, lést á hjúkrunarheimilinu Eir í Reykjavík aðfaranótt fimmtudagsins 28. apríl, tæplega 85 ára að aldri.

Helgi var fæddur í Reykjavík 9. júní 1920, sonur hjónanna Helga Helgasonar Bergs, forstjóra Sláturfélags Suðurlands, og Elínar Jónsdóttur Bergs. Helgi lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1938 og prófi í efnaverkfræði frá Tækniháskólanum í Kaupmannahöfn 1943. Hann starfaði sem verkfræðingur hjá Sambandi íslenskra samvinnufélaga 1945–1952, var tækniráðunautur hjá FAO, Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna í Tyrklandi 1953–1954, formaður stjórnar Íslenskra aðalverktaka 1954–1960 og framkvæmdastjóri iðnaðar- og tæknideildar SÍS 1961–1969.

Helgi var alþingismaður Sunnlendinga 1963–1967 og bankastjóri Landsbanka Íslands 1971–1988. Hann var ritari Framsóknarflokksins 1962–1972 og sat í miðstjórn flokksins frá 1962 til 2005. Hann var fulltrúi á þingi Norðurlandaráðs og Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, átti setu í bankaráði Iðnaðarbanka Íslands, í stjórn Fiskveiðasjóðs og framkvæmdastjórn Iðnþróunarsjóðs.

Á árunum 1973 til 1976 var Helgi formaður stjórnar Viðlagasjóðs, sem ríkisstjórnin kom á fót í kjölfar eldgossins í Vestmannaeyjum 1973 til að annast björgunar- og varnaraðgerðir í Eyjum, öflun húsnæðis og uppbyggingu í kjölfar gossins. Hann var einnig stjórnarformaður Rafmagnsveitna ríkisins 1974–1978, hlutafjársjóðs Byggðastofnunar 1989–1991 og Bessastaðanefndar 1989–1998.

Helgi var sæmdur riddarakrossi norsku St. Olavsorðunnar 1974 og stórriddarakrossi Hinnar íslensku fálkaorðu 1990.

Eiginkona Helga var Lís Eriksen Bergs en hún lést 1997. Börn þeirra eru fjögur.



Morgunblaðið Kringlunni 1, 103 Reykjavík. Sími 5691100 **Innlendar fréttir** frett@mbl.is Ágúst Ingi Jónsson, aðstoðarfréttaritstjóri, aij@mbl.is Sigtryggur Sigtryggsson, aðstoðarfréttaritstjóri, sisi@mbl.is **Erlendar fréttir** Ásgeir Sverrisson, fréttastjóri, asv@mbl.is **Viðskipti** vidsk@mbl.is Agnes Bragadóttir, fréttastjóri, agnes@mbl.is **Úr verinu** Hjörtur Gíslason, fréttastjóri, hjgi@mbl.is **Daglegt líf** Guðbjörg Guðmundsdóttir, gudbjorg@mbl.is **Menning** menning@mbl.is Orri Páll Ormarsson, ritstjórnarfulltrúi, orri@mbl.is Skarphéðinn Guðmundsson, skarpi@mbl.is **Umræðan|Bréf til blaðsins** Magnús Finnsson, fulltrúi ritstjóra, magnus@mbl.is Guðlaug Sigurðardóttir, gudlaug@mbl.is **Minningar** minning@mbl.is Hilmar P. Þormóðsson, Stefán Ólafsson **Dagbók|Kirkjustarf** Elly H. Gunnarsdóttir, elly@mbl.is **Íþróttir** sport@mbl.is Sigmundur Ó. Steinarsson, fréttastjóri, sos@mbl.is **Útvarp|Sjónvarp** Auður Jónsdóttir, dagskra@mbl.is **mbl.is** netfrett@mbl.is Guðmundur Sv. Hermannsson fréttastjóri gummi@mbl.is